

## GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Djúpavogshreppi árið 2001.**

1. gr.

Árgjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 7.600 fyrir hvern hund á árinu 2001.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí 2001.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. sömu samþykktar, skal vera kr. 3.600 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í kr. 7.100 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessarri gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps á fundi 7. desember 2000, og öðlast þegar gildi.

*Djúpavogi, 30. janúar 2001.*

**Ólafur Ragnarsson** sveitarstjóri.